

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/9/06

frá 19. apríl 2002

**um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps (\*)**

(tilkynnt með númeri C(2002) 1435)

(2002/304/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta lagt áætlun fyrir framkvæmdastjórnina, sem gerir kleift að hefja málsmeðferð síðar meir til þess að svæði eða eldisstöð á svæði sem ekki er viðurkennt geti öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar (VHS) og/eða iðradreps (IHN).
- 2) Áætlunir varðandi veirublæðingu á tilteknum svæðum í Danmörku voru samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/221/EB <sup>(3)</sup> eins og henni var breytt með ákvörðun 2001/485/EB <sup>(4)</sup>.
- 3) Áætlunir varðandi veirublæðingu og iðradrep á tilteknum svæðum í Þýskalandi voru samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/312/EB <sup>(5)</sup>.
- 4) Áætlunir varðandi veirublæðingu og iðradrep á tilteknum svæðum í Frakklandi voru samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/863/EB <sup>(6)</sup>.
- 5) Áætlunir varðandi veirublæðingu og iðradrep á Ítalíu um að öðlast stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til þessara sjúkdóma voru samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/576/EB <sup>(7)</sup>.
- 6) Áætlun um veirublæðingu og iðradrep, sem unnið er eftir í Finnlandi, var samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/479/EBE <sup>(8)</sup>.
- 7) Spánn hefur lagt fram áætlun um að sjálfstjórnarhéraðið La Rioja öðlist stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til veirublæðingar og iðradreps.

- 8) Ítalía hefur lagt fram áætlunir um að sjálfstjórnarsýslan Bolzano og áin Astico öðlist stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til veirublæðingar og iðradreps.
- 9) Í áætlunum, sem Spánn og Ítalía lögðu fram, er lýst landfræðilegri legu viðkomandi svæða og eldisstöðva, ráðstöfunum, sem opinberum þjónustustofnunum ber að gera, reglum, sem viðurkenndum rannsóknarstofum ber að fylgja, algengi viðkomandi sjúkdóma og ráðstöfunum sem ber að grípa til ef sjúkdómarnir koma upp.
- 10) Í ljós hefur komið að áætlunirnar, sem lagðar voru fram, eru í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE. Því ber að samþykkja þessar áætlunir.
- 11) Til glöggvunar er rétt að semja eina skrá yfir öll svæði og allar eldisstöðvar, eftir því sem við á, þar sem unnið er eftir samþykktari áætlun um að öðlast stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps.
- 12) Fella ber úr gildi ákvarðanir 94/863/EB, 95/479/EB, 96/221/EB, 2000/312/EB og 2001/576/EB og komi ákvörðun þessi í þeirra stað.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

1. Hér með eru samþykktar áætlunir sem gera kleift að öðlast stöðu viðurkennds svæðis með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps eins og tilgreint er í I. viðauka.

2. Hér með eru samþykktar áætlunir sem gera kleift að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og iðradreps eins og tilgreint er í II. viðauka.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fylgja þessum samþykktu áætlunum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 104, 20.4.2002, bls. 37. Hennar er getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2003 frá 14. mars 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29, 5.6.2003, bls. 14.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 74, 22.3.1996, bls. 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 176, 29.6.2001, bls. 64.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 104, 29.4.2000, bls. 80.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 352, 31.12.1994, bls. 73.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 23.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 275, 18.11.1995, bls. 23.

*3. gr.*

Ákvarðanir 94/863/EB, 95/479/EB, 96/221/EB, 2000/312/EB og 2001/576/EB eru hér með felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

---

## I. VIÐAUKI

## SVÆÐI ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTUM ÁÆTLUNUM UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐINGAR OG/EDA IÐRADREPS

1. *SVÆÐI Í DANMÖRKU ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTRI ÁÆTLUN UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR*
  - Vatnsöflunarsvæði FISKEBÆK Å.
  - ALLT JÓTLAND sunnan og vestan vatnsöflunarsvæða Storåen, Karup Å, Gudenåen og Grejs Å.
  - Allar DANSKAR EYJAR.
2. *SVÆÐI Í ÞÝSKALANDI ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTRI ÁÆTLUN UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS*
  - Svæði á vatnsöflunarsvæði „WOLFEGGER AACH OG ROHRSEE“.
  - Svæði á vatnsöflunarsvæðinu „OBERN NAGOLD“.
  - Svæðið „GROSSE LAUTER“ á vatnsöflunarsvæði Dónár.
3. *SVÆÐI Á SPÁNI ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTRI ÁÆTLUN UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS*
  - SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ LA RIOJA.
4. *SVÆÐI Í FRAKKLANDI ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTRI ÁÆTLUN UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS*
  - LES FORGES.
  - LA NIVE og LES NIVELLES.
  - L'ÉLORN.
5. *SVÆÐI Á ÍTALÍU ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTRI ÁÆTLUN UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS*
  - 5.1. **Sjálfstjórnarsýslan Bolzano**

*ZONA PROVINCIA DI BOLZANO*

    - Svæðið samanstendur af öllum vatnsöflunarsvæðum í sýslunni Bolzano.
    - Svæðið tekur til efri hluta svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE, þ.e. vatnsöflunarsvæðis árinna Adige, frá upptökum hennar í sýslunni Bolzano að landamærum sýslunnar Trento.
    - (Ath.: Neðri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sjálfstjórnarsýsluna Trento. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)
  - 5.2. **Sjálfstjórnarsýslan Trento**

*ZONA VAL DI SOLE E DI NON*

    - Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum vatnsfallsins Noce að S. Giustina-stíflunni.

*ZONA VAL DEL FERSINA*

    - Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum vatnsfallsins Fersina að fossinum við Ponte Alto.

*ZONA VAL DELL'ADIGE — neðri hlutinn*

    - Vatnsöflunarsvæði árinna Adige ásamt upptökum hennar á yfirráðasvæði sjálfstjórnarsýslunnar Trento frá landamærum sýslunnar Bolzano að Ala-stíflunni (vatnsorkuver).
    - (Ath.: Efri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sýsluna Bolzano. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

*ZONA VAL RENDENA, ALTO E BASSO SARCA*

    - Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum árinna Sarca að Torbole-stíflunni (vatnsorkuver). Svæðið, að frátöldu vatnasvæði fljótanna Manes, Arnò og Ambies og vatnasvæði Valle dei Laghis, skiptist við Ponte Pià-stífluna.

## ZONA TORRENTE ARNÒ

- Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum fljótsins Arnò að hindrununum forstreymis áður en Arnò rennur í ána Sarca.

## ZONA VAL BANALE

- Vatnsöflunarsvæði Ambies að stíflunni við vatnsorkuver.

## ZONA VARONE

- Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum fljótsins Magnone að fossinum.

## ZONA VAL DI LEDRO

- Vatnsöflunarsvæði fljótanna Massangia og Ponale að vatnsorkuverinu.

## ZONA ALTO E BASSO CHIESE

- Vatnsöflunarsvæði árinna Chiese frá upptökum að Condino-stíflunni, að frátöldum vatnasvæðum fljótanna Adanà og Palvico.

## ZONA TORRENTE PALVICO

- Vatnsöflunarsvæðið á vatnasvæði fljótsins Palvico að hindrun úr steinsteypu og grjóti.

## ZONA VALSUGANA

- Vatnsöflunarsvæðið á vatnasvæði árinna Brenta að Marzotto-stíflunni.

5.3. **Héraðið Veneto**

## ZONA TORRENTE ASTICO

- Vatnsöflunarsvæði árinna Astico frá upptökum hennar (í sjálfstjórnarsýslunni Trento og í sýslunni Vincenza í héraðinu Veneto) að stíflunni sem er í grennd við Pedescala-brúna í sýslunni Vicenza.

Litið er svo á að áin Astico forstreymis á milli stíflunnar í grennd við Pedescala-brúna og Pria Maglio-stíflunnar sé sóttvarnabelti.

## ZONA BELLUNO

- Vatnsöflunarsvæðið í Belluno frá upptökum fljótsins Ardo að hindruninni forstreymis (áður en Ardo rennur í ána Piave) við eldisstöðina Centro Sperimentale di Acquacoltura, Valli di Bolzano Bellunese, Bellune.

6. *SVÆÐI Í FINNLANDI ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR SAMÞYKKTRI ÁÆTLUN UM AÐ ÖÐLAST STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÆÐINGAR OG IÐRADREPS*

- FINNLAND <sup>(1)</sup>

---

<sup>(1)</sup> Að öllum meginlands- og strandsvæðum meðtöldum.

*II. VIÐAUKI***ELDISSTÖÐVAR Á ÍTALÍU ÞAR SEM UNNIÐ ER EFTIR ÁÆTLUNUM TIL AÐ ÖÐLAST STÖÐU  
VIÐURKENNDRAR ELDISSTÖÐVAR Á SVÆÐI SEM EKKI ER VIÐURKENNT MEÐ TILLITI TIL  
IÐRADREPS OG VEIRUBLÆÐINGAR**1. *HÉRAÐ: FRIULI VENEZIA GIULIA, Í SÝSLUNNI UDINE***Eldisstöðvar á framræslusvæði árinna Tagliamento:**

- Ente Tutela Pesca del Friuli Venezia Giulia, impianto di Forni di Sotto.
- Ente Tutela Pesca del Friuli Venezia Giulia, impianto di Grauzaria di Moggio Udinese.
- Ente Tutela Pesca del Friuli Venezia Giulia, impianto di Amaro.
- Ente Tutela Pesca del Friuli Venezia Giulia, impianto di Somplago — Mena di Cavazzo Carnico.
- Azienda Vidotti Giulio s.n.c., Sutrio.

2. *HÉRAÐ: SJÁLFSSTJÓRNARHÉRAÐIÐ VALLE D'AOSTA***Eldisstöðvar á framræslusvæði árinna Dora Baltea:**

- Stabilimento ittiogenico regionale, Morgex, Rue Mont Blanc 14.

3. *HÉRAÐ: HÉRAÐIÐ VENETO***Eldisstöðvar á framræslusvæði árinna Brenta:**

- Polo Guerrino, Via S. Martino 51, Loc. Campese, Bassano del Grappa, Provincia di Vicenza.
-